

5. UMHVERFISMÁL

Sjálfbær þróun er þróun sem uppfyllir þarfir nútímans án þess að ógna því að næstu kynslóðir geti uppfyllt þarfir sínar.

Brundtland-skýrslan, 1987



Maðurinn er hluti af umhverfi sínu og umhverfið hefur áhrif á allt mannlegt líf, einnig mannréttindi. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna árið 1972 um mannlegt umhverfi voru tengsl umhverfis og mannréttinda formlega viðurkennd, og staðfest að „umhverfi mannsins, náttúrulegt og skapað af mönnum, skipti sköpum fyrir velferð hans og þess að hann fái notið grundvallarmannréttinda – jafnvel réttarins til lífsins.¹

Réttindi sem lúta að umhverfismálum tilheyra flokki svokallaðra **þriðju kynslóðar réttinda** eða **sam-eiginlegra réttinda**. Það eru réttindi sem varða heilu samfélögin eða hópa fólks en ekki einungis einstaklinga, svo sem rétturinn til friðar, til sjálfberrar þróunar, til samskipta eða til að eiga hlutdeild í sameiginlegri arfleidd mannkyns. Með sameiginlegum réttindum, svo sem réttinum til heilsusamlegs umhverfis, er viðurkennt að mannréttindi snúist ekki aðeins um einstaklinginn í stjórnmalalegu og félagslegu umhverfi, heldur allt fólk sem á það sameiginlegt að lifa við aðstæður sem eru hver annarri háðar og ná út yfir þjóðríki. Sem dæmi má nefna þau áhrif sem hlýnun jarðar hefur á allar lífverur í hvaða landi sem er. Rétt eins og hverjum einstaklingi ber að virða eðlislæg gildi samferðamanna sinna, þá ber honum einnig að virða eðlislæg gildi annarra lífvera: dýra, plantna og vistkerfanna sem við öll þrífumst í.

Umhverfið hefur áhrif á mannréttindi fólks, bæði á jákvæðan og neikvæðan hátt. Það sér manningum fyrir lífsviðurværi og gegnir þannig mikilvægu hlutverki, þangað sækjum við hráefni til matvælaframleiðslu, iðnaðar og þróunar. En umhverfisvá, svo sem vegna of mikillar geislavirkni eða mengaðs drykkjarvatns, getur einnig ógnað grundvallarréttinum til lífs. Fólk sem verður fyrir mengun í jarðvegi, andrúmslofti eða í matvælum og vatni getur orðið fyrir mannréttindabrotum, sem og heilsutjóni, erfðafræðilegum skaða, áföllum sem minnka lífslíkur og valda jafnvel dauða. Ýmis grundvallarmannréttindi eru nátengd umhverfismálum: rétturinn til heilbrigðis, til öryggis við störf og heilsusamlegra starfsaðstæðna, til viðunandi fæðis og húsnæðis, til vinnu og viðunandi lífskjara.



Umhverfismál í Evrópu

Evrópubúar standa frammi fyrir alvarlegum umhverfisvanda sem getur haft áhrif á komandi kynslóðir:

- **Loftmengun** vegna þungaiðnaðar og brennslu jarðefnaeldsneytis hefur bein áhrif á heilsufar fólks og allar lífverur.
- **Loftslagsbreytingar** vegna hlýnunar jarðar og gróðurhúsaáhrifa kunna að valda þurrki, fellibyljum og skorti á ræktarlandi hjá komandi kynslóðum.
- **Vatnsskortur** og gæði drykkjarvatns eru alvarlegt áhyggjuefni.
- **Neysluhyggja nútímans og heimilisúrgangur** hefur neikvæð áhrif á umhverfið, t.d. ofnotkun einkabíla, notkun plastpoka og umbúða.
- **Erfðabreyttar lífverur**, sem verða til þegar erfðaeefni er breytt með því að flytja gen úr einni lífveru yfir í aðra, geta haft langtímaáhrif á heilsufar manna, umhverfið og sjálfbæran landbúnað.

Börn og umhverfismál

Árið 2004 samþykktu ráðherrar Evrópulandanna Evrópuáætlunina um umhverfis- og heilbrigðismál barna (CEHAPE) sem fjallar um þá umhverfistengdu áhættuþætti sem hafa mest áhrif á heilsufar evrópskra barna. Í þessari aðgerðaáætlun er lögð áhersla á fjögur meginmarkmið á Evrópuvísu:²

- að tryggja hreint vatn og viðeigandi hreinlætisaðgerðir
- að tryggja líkamlega hreyfingu og að fólk verði ekki fyrir skaða
- að tryggja hreint loft úti sem inni
- að stefna að umhverfi án kemískra efna

Ef takast á að ná þessum markmiðum er mikilvægt að efla vitund barna og auka skilning þeirra á umhverfinu og hvernig umhverfismál tengjast mannréttindum.

SPURNINGAR: *Hver eru brýnustu umhverfismálin hér á landi? Hvernig geta börn tekið virkan þátt í umfjöllun um þau?*

Börn geta tekið virkan þátt í að vernda og bæta umhverfið. Sem einstaklingar geta þau velt fyrir sér eigin lífsstíl og hvaða áhrif hann hefur á umhverfið (t.d. sparað auðlindir á borð við vatn og rafmagn, gætt þess að matvæli fari ekki til spillis). Í nærsamfélagi sínu geta þau tekið þátt í áætlunum sem ganga út á að gera heimili sitt, skóla og æskulýðssamtök umhverfisvænni (nota t.d. öruggar framleiðsluvörur, flokka úrgang, setja ýmsa hluti í endurvinnslu). Börn geta hugleitt stefnu og starfsemi innan eigin sveitarfélags og á landsvísi og lagt fram tillögur um umbætur. Þau geta tekið þátt í herferðum og hátíðahöldum, svo sem í tengslum við alþjóðadag umhverfisins og dag jarðarinnar.

Alþjóðadagur umhverfisins, 5. júní, var ákveðinn á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1972. Hægt er að fagna honum með ýmsu móti, svo sem með útifundum, hópferðum hjólreiðamanna, „grænum“ tónleikum, ritgerða- og veggspjaldakeppni í skólum, gróðursetningu, átaki í endurvinnslu og hreinsunardögum. Á hverju ári er lögð áhersla á tiltekið málefni, svo sem „Bráðnun jökla – Brýnt málefni?“, „Gleymið ekki þurrkasvæðunum!“ og „Grænar borgir: Heimsáætlun!“³ Dagur jarðar, 22. apríl, er skipulagður af samstarfsneti um dag jarðar, sem er í samstarfi við önnur umhverfis- og mannréttindasamtök, t.d. umhverfisverndarsamtökin Sierra Club og Amnesty International, um að hvetja til opinberra aðgerða með hátíðahöldum og herferðum gegn mannréttindabrotum og umhverfistjóni.⁴



Sjálfbær þróun

Árin 2005–2014 eru áratugur Sameinuðu þjóðanna um menntun til sjálfbærrar þróunar, sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna stendur fyrir. Hvað merkir „sjálfbær þróun“? Brundtland-nefndin, sem kom saman á níunda áratug síðustu aldar, skilgreindi hana sem „þróun sem uppfyllir þarfir nútímans án þess að ógna því að næstu kynslóðir geti uppfyllt þarfir sínar.“⁵ Önnur mikilvæg alþjóðayfirlýsing um sjálfbæra þróun er „Staðardagskrá 21“ (Agenda 21), sem var kynnt á loftslagsráðstefnunni í Rio de Janeiro árið 1992 og hefur síðan verið samþykkt af stjórnvöldum 172 ríkja. Innleiðing þessarar viðtæku aðgerðaráætlunar fer nú fram um allan heim, á landsvísu og innan sveitarfélaga, fyrir tilstilli stjórnvalda, frjálsra félagasamtaka og alþjóðlegra stofnana. Árið 2002 var síðan alþjóðaráðstefnan um sjálfbæra þróun haldin. Sjálfbærni gengur ekki aðeins út á að vernda umhverfið, heldur einnig að læra að sýna öðrum og og öllu umhverfi okkar tilhlýðilega virðingu. Þannig að fræðsla um sjálfbæra þróun byggist á því að tileinka sér gildi, hegðun og þekkingu sem gerir okkur fær um að stuðla að framförum núna án þess að svipta komandi kynslóðir möguleikum á að gera slíkt hið sama.⁶

Börn fara að skilja þau langtímaáhrif sem aðgerðir manna hafa á umhverfið með því að skoða fyrst nánasta umhverfi sitt og setja svo hlutina í stærra samhengi. Ef bæjarstjórn ákveður til dæmis að leggja veg í gegnum gróið svæði í bænum missa börnin ef til vill leiksvæðið sitt og möguleika á að skoða lífríkið sem þar þrífst. Aðeins með því að sýna aðgætni og hugsa um næstu kynslóð getum við séð til þess að jörðin dafni vel til framtíðar.

Umhverfisskrifstofa Evrópu (European Environment Bureau), vettvangur um 150 frjálsra umhverfissamtaka í Evrópu, vinnur að því að auka skilning á málefnum sem tengjast sjálfbærri þróun í Evrópu og fá íbúa og stjórnvöld til að beita sér fyrir stöðugum framförum á því sviði.

Mikilvægir mannréttindasamningar

Evrópuráðið

Sú staðreynd að ekki er minnst á umhverfismál í **Mannréttindasáttmála Evrópu** ætti ekki að koma neinum á óvart. Samningurinn var samþykktur árið 1950 þegar aðeins fáeinir aðilar gerðu sér grein fyrir hinum víðtæku áhrifum sem slæm umgengni hefur á umhverfið. Í honum er oft vísað til „*efnahagslegrar* velsældar“ landa, en ekki til vistfræðilegrar velsældar. Jafnframt er kveðið á um mikilvægi heilbrigðis og heilsuverndar. En þó er ekki minnst á hve mikilvægt það sé heilbrigði þjóðar að umhverfi hennar sé einnig heilbrigt, þó að unnið sé að því að umhverfisþættir sem tengjast mannréttindum fáist viðurkenndir af Mannréttindadómstól Evrópu.⁷

Sameinuðu þjóðirnar

Rétt eins og Mannréttindasáttmáli Evrópu eru fyrstu mannréttindasamningarnir, svo sem **Mannréttindayfirlýsingin** og **Samningarnir** tveir, gerðir áður en menn gerðu sér almennt grein fyrir því hve umhverfismálin eru mikilvæg og því er ekki fjallað um þau þar. Í Barnasáttmálanum frá 1989 er þó getið um umhverfið í c-lið 24. greinar í sambandi við rétt barns til að njóta besta heilsufars sem hægt er að tryggja og stjórnvöld hvött

... til að berjast gegn sjúkdómum og vannæringu, þ.á m. innan heilsugæslunnar, meðal annars með því að beita þeirri tækniþekkingu sem er auðveldlega tiltæk og með því að útvega nægilega holla fæðu og hreint drykkjarvatn um leið og tekið sé tillit til hættu á umhverfismengun og áhrifa af völdum hennar[.]

Í e-lið 24. greinar er enn fremur hvatt til að foreldrar og börn fái upplýsingar um umhverfismál sem lið í almennri fræðslu um heilbrigði barna. Getið er um umhverfið í e-lið 29. greinar meðal markmiða í menntun sem sérhvert barn á rétt á:



Að móta með því virðingu fyrir náttúrulegu umhverfi mannsins.

Það hvernig rétturinn til heilsusamlegs umhverfis hlýtur smám saman viðurkenningu sýnir hvernig **mannréttindaramminn** þróast, ný réttindi eru viðurkennd, skilgreind og að lokum **lögleidd** í mannréttindasamningum. Um þessar mundir vinnur undirbúningsnefnd að gerð samnings um umhverfisréttindi. Það getur verið langt og strangt ferli, með samkomulagsgerð og samráði við stjórnvöld, **milliríkjastofnanir** og **frjáls félagasamtök**.

Gagnlegar heimildir

- *Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment*, skýrsla frá ráðstefnu SP um mannlegt umhverfi, Stokkhólmi, 1972: <http://un-documents.net/unchedec.htm>
- *Fjórða ráðherraráðstefnan um umhverfis- og heilbrigðismál: Evrópuáætlunin um umhverfis- og heilbrigðismál barna*: Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, 2004: www.euro.who.int/document/e83338.pdf
- Garcia San José, Daniel, *Environmental protection and the European Convention on Human Rights*: Evrópuráðið, 2006.
- *Links between the Global Initiatives in Education, Education for sustainable development in action*, Technical Paper N 1: UNESCO, 2005: <http://unesdoc.unesco.org/images/0014/001408/140848m.pdf>
- *Skýrsla Alþjóðanefndar SP um umhverfis- og þróunarmál*, ályktun nr. 42/187: Sameinuðu þjóðirnar, 1987: www.un.org/documents/ga/res/42/ares42-187.htm

Gagnleg vefsvæði

- Development Education Program: www.worldbank.org
- Development Education Association: www.dea.org.uk
- Heimasíða Earthday Network: www.earthday.net
- Epaedia, Environment explained: <http://epaedia.eea.europa.eu/>
- Umhverfisstofnun Evrópu: www.eea.europa.eu/
- Umhverfisskrifstofa Evrópu: www.eeb.org/Index.htm
- Samskiptanet Evrópusambandsins um umhverfismál (með dæmum um góða starfshætti frá aðildarlöndunum): http://ec.europa.eu/environment/networks/bestpractise_en.htm
- Green Peace: www.greenpeace.org
- Deild Sameinuðu þjóðanna sem annast málefni á sviði sjálfbærrar þróunar: www.un.org/esa/sustdev/
- Umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna: www.unep.org
- Veolia Environment – Tales around the world youth campaign: www.veoliaenvironnement.com/globe/en/

Tilvísanir

- 1 *Declaration of the United Nations Conference on the Human Environment*, skýrsla frá ráðstefnu SP um mannlegt umhverfi, Stokkhólmi, 1972.
- 2 *Fjórða ráðherraráðstefnan um umhverfis- og heilbrigðismál: Evrópuáætlunin um umhverfis- og heilbrigðismál barna*: Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, 2004.
- 3 Sjá Umhverfisáætlun Sameinuðu þjóðanna: www.unep.org
- 4 Sjá heimasíðu Earthday Network: www.earthday.net
- 5 *Skýrsla Alþjóðanefndar SP um umhverfis- og þróunarmál*: Sameinuðu þjóðirnar, 1987.
- 6 *Links between the Global Initiatives in Education, Education for sustainable development in action*, Technical Paper N.1: UNESCO, 2005.
- 7 Garcia San José, Daniel, *Environmental protection and the European Convention on Human Rights*: Evrópuráðið, 2006.

